

**Fundargerð 147. fundur stjórnar Fræðslusjóðs
þriðjudaginn 16. desember 2025 kl. 13:00-14:00.**

Fundurinn er fjarfundur.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins, Hulda Birna Baldursdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Margrét Sigurðardóttir, Eyrún Björk Valsdóttir mætti sem varamaður Finnboga Sveinbjörnssonar.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt

2. Endurúthlutun 2025 – Úthlutun 2025 endurskoðun

Í desember kom í ljós að við endurúthlutun í september sl. voru gerð mistök sem leiddu til þess að 69,7 milljónum var ofúthlutað.

Til að rétta Fræðslusjóð af þá var samþykkt að lækka framlag sjóðsins til fræðsluaðila, sem samþykkt var á fundi stjórnar 3. nóvember sl. og fella niður framlag til þróunarverkefna 2026:

Úthlutunarflokkar	Samþykkt skipting	Desember skipting	Lækkun
Námsleiðir	660,000,000	639,677,000	20,323,000
Ráðgjöf	169,400,000	164,183,000	5,217,000
Raunfærnimat	135,100,000	130,940,000	4,160,000
Þróunarsjóður	40,000,000		40,000,000
Rekstur/Óráðstafað	-		
	1,004,500,000	934,800,000	69,700,000

Úthlutun til fræðsluaðila, miðað við þessar nýju forsendur, byggir á sömu forsendum og lágu til grundvallar við úthlutun í nóvember.

Framlög til einstakra fræðsluaðila miðað við framan komna lækkun verða árið 2026, með fyrirvara um niðurstöður fjárlaga sem hér sést:

Fræðsluaðili	Námsleiðir	Ráðgjöf	Raunfærnimat
Mímir-símenntun	222,877,000	31,356,000	17,446,000
Framvegis	60,085,000	10,181,000	12,600,000
Starfsmennt	0	360,000	0
IÐAN	0	37,998,000	43,614,000
Rafmennt	0	1,710,000	7,269,000
Samt. höfuðb.svæðið	282,962,000	81,605,000	80,929,000
Símenntun Vesturlandi	28,670,000	10,935,000	6,397,000
Fræðslumst. Vestfj.	16,556,000	6,153,000	5,331,000
Farskólinn NV-landi	14,605,000	3,870,000	1,938,000
SÍMEY	76,392,000	10,753,000	9,207,000
Þekkingarn. Þingeyinga	19,562,000	11,377,000	4,361,000
Austurbrú	25,786,000	6,065,000	4,846,000
Fræðslunet Suðurlands	51,519,000	11,836,000	8,723,000
Viska Vestmannaeyjum	9,898,000	3,582,000	4,361,000
MSS	113,728,000	18,007,000	4,846,000
Samt. landsbyggðin	356,716,000	82,578,000	50,010,000
Samtals allt	639,678,000	164,183,000	130,939,000

Þrátt fyrir að þau mistök sem áttu sér stað hafi gerst við viðbótarúthlutun haustið 2025, þar sem hluti fræðsluaðila fékk úthlutun, var niðurstaðan að jafna áfallinu jafnt á alla fræðsluaðila.

Lagt var til að, þar sem framlög til þróunarverkefna 2026 eru felld niður, að þá verði stefnt að því að hafa hærri upphæð til úthlutunar til þróunarverkefna 2027 en verið hefur síðustu ár.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun upplýsa fræðsluaðila um breytta úthlutun.

Innan stjórnar var umræða um að mikilvægt væri að sækja aukna fjármuni í sjóðinn, enda hafa umsóknir fræðsluaðila verið nokkuð umfram það fjármagn sem til úthlutunar er hverju sinni.

Framhaldsfræðslan hefur sannað gildi sitt og sí- og endurmenntun hefur aldrei verið mikilvægari.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.